

109. fundur skráningarráðs, haldinn fimmtudaginn 10. mars 2017 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10:00-11:30

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.
2. Fræðslufundur skrásetjara 17. mars.
Dagskrá fundarins liggur nú fyrir. Sigrún mun senda auglýsingu á Skruddu. Hallfríður mun sjá um að í Þjóðarbókhöfðu verði salur og upptökutæki til reiðu.
3. Framsetning á sviði 773 – fjölbindaverk
Staðsetning bókkafkafla innan móðurfærslu þegar móðirin er fjölbindaverk. Valin framsetning er Titill ; bindi, bls. Dæmi munu birtast í Handbók skrásetjara
4. Endurmenntun / kostnaður vegna RDA-skráningarnámskeiða
Innleiðingarfasanum er nú lokið. Allir sem vilja fá skráningarheimild þurfa að sitja 3ja daga RDA-skráningarnámskeið og greiða gjald, hvort sem þeir hafa einhverntíman haft skráningarheimild eða ekki.
5. Önnur mál.

Færslusnið fyrir rafbækur er komið inn í færslusniðalistann. RDA_RAFB. Verið er að athuga með fix til að breyta rafbókafærslum í prent og öfugt. Helga Kristín bendir á að gott væri að koma inn færslusniði fyrir raftímarit.

Tenglar í greinar birtast í sumum tilfellum ekki hjá tímaritinu (móðurfærslunni) á leitir.is (dæmi: Skólaþræðir, Talnaefni Orkustofnunar). Ef greinararnar eru skoðaðar eru tenglar í móðurfærsluna. Sama gerðist í MU-færslum. Verkbeiðni um athugun hefur verið lögð inn hjá Landskerfi.

Næsti fundur er áætlaður 30. mars fyrir hádegi í húsakynnum Landskerfis bókasafna, fundartími ákveðinn síðar.